

Sorpa b.s. Urðunarstaður Álfssnesi  
Gufunesvegi  
112 Reykjavík

Reykjavík, 21. október 2019  
UST201910-023/F.T.  
08.14.02

**Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 4. október sl. þar sem áförmáð var að áminna Sorpu b.s. vegna frávika sem skráð voru í eftirliti dags. 12. júní 2019. Þann 3. október sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

**Frávikan eru eftirfarandi:**

1. **Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Heimilt er að urða allt að 120.000 tonnum af úrgangi á ári. Árið 2018 voru urðuð 147.196 tonn. Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að frá 1. janúar 2019 verði ekki tekið við úrgangi frá Sorpstöð Suðurlands til urðunar, sem var um 5.200 tonn á árinu 2018. Á árinu 2020 fari sláturúrgangur í áhættuflokki 3 til fituvinnslu í tilraunaskyni en á árinu 2018 hafi 8.600 tonn af framangreindum úrgangi verið urðuð. Ásamt þessu er miðað við að gas- og jarðgerðarstöð hefji starfsemi í lok apríl 2020 og dragi því úr urðun á heimilisúrgangi sem því nemi, eða um 24.000 tonn. Jafnframt hafi magn úrgangs til urðunar almennt dregist saman um 8%, eða um 1.000 tonn á mánuði. Alls muni því draga úr urðun úrgangs á árinu 2019 um riflega 12.000 tonn og á árinu 2020 um 45.000 tonn. Rekstraraðili telur því allar líkur á því að ekki verði urðað umfram skilyrði í starfsleyfi árið 2020.
2. **Gr. 5.4 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal senda niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skil á skráningum til eftirlitsaðila eru ekki fullnægjandi. Skráningum vegna tl. 2-5 og 8-13 er varða úrgang sem hafnað er, stöðuna á urðunarstaðnum, sigmælingar, mengunarhöpp, hauggas - og veðurfarsmælingar hefur ekki verið skilað. **Rekstraraðili hyggst skila skráningum um miðjan október.** Tryggt verði að skráningum fyrir árið 2019 verði skilað innan tímaramma.

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.


Gjald fyrir vinnu sérfraðings við eftirfylgina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **26.400 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.



Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Virðingarfyllst



Frigg Thorlacius  
Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

**Afrit: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur**